

Glóru 15.10.2024

Til sveitarstjórnar Flóahrepps

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Sleipnis óskum við hér með eftir framlagi frá Flóahreppi til reiðvegagerðar og viðhalds reiðvega í sveitarfélaginu.

Reiðvegir meðfram vegum með bundnu slitlagi þar sem umferð er þung og hraði mikill er gríðarlegt öryggismál fyrir alla vegfarendur. Greiðar og góðar reiðleiðir um sveitarfélagið eru þar að auki mikilvægur þáttur í búsetugæðum sveitarfélagsins.

Í þessum framkvæmdum hafa félagsmenn í Sleipni lagt mikið til í sjálfböðavinnu ásamt því að leggja til tækjakost svo fjármagnið hefur nýst ótrúlega vel, en betur má ef duga skal.

Upphæðin sem Flóahreppur hefur lagt í reiðvegagerð hefur verið óbreytt um margra ára skeið (a.m.k.sl. 6 ár) svo í raun hefur framlagið verið að dragast töluvert saman.

Því viljum við óska eftir að í ár leggi Flóahreppur 2 milljónir til verkefnisins.

Þess má að lokum geta að félagssvæði Sleipnis nær yfir sveitarfélögin Árborg og Flóahrepp og á undanförunum áratugum hefur félagið lagt ríflega 100 km af reiðvegum á félagssvæði sínu. Á milli 80 og 90% af þessum vegum eru í Flóahreppi.¹ en þó hefur Árborg lagt til fjórfallt hærri upphæð til Sleipnis í reiðvegagerð en Flóahreppur.

Með bestu kveðju,

Hrafnkell Guðnason

Formaður reiðveganeftndar Sleipnis.

¹ Heimild: Reiðvegakort Landssambands Hestamannafélaga www.map.is/lh